

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 24. október 2014 kl. 13:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómhúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Árni Rúnar Þorvaldsson, varamaður Hermanns Jóns Tómassonar og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson og Bryndís Haraldsdóttir, varamaður Bjarkar Þorsteinsdóttur.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 8. september 2014. Fundagerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014. Endurskoðunin var einkum fólgin í endurmati á áætluðum tekjum sjóðsins vegna hlutdeildar í álagningarstofni útsvars. Áætlaðar tekjur sjóðsins, er nema 0,77% af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans, höfðu hækkað úr 8.145 m.kr. í 8.340 m.kr. eða um 195 m.kr. Áætlaðar tekjur sjóðsins, er nema 0,99% af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks höfðu hækkað úr 11.003 m.kr. í 11.257 m.kr. eða um 254 m.kr. Einnig fór fram endurmat á fjárförf vegna nokkurra gjaldaliða.

Að endurskoðun lokinni er nú óráðstafað 447 m.kr. af áætluðum tekjum sjóðsins á árinu 2014 í stað 118 m.kr. áður. Með tilvísun til þessa er möguleiki á að greiða á árinu 2014 út sérstakt framlag vegna bankaskattsins að fjárhæð 408 m.kr, sbr. breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, án þess að skerða aðrar úthlutanir sjóðsins á árinu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2014 verði samþykkt.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015. Endurskoðunin var einkum fólgin í endurmati á áætluðum tekjum sjóðsins vegna hlutdeildar í álagningarstofni útsvars. Áætlaðar tekjur sjóðsins, er nema 0,77% af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans, höfðu hækkað úr 8.437 m.kr. í 8.740 m.kr. eða um 303 m.kr. Áætlaðar tekjur sjóðsins, er nema 0,99% af álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks höfðu hækkað úr 11.213 m.kr. í 11.706 m.kr. eða um 493 m.kr. Einnig fór fram endurmat á fjárförf vegna nokkurra gjaldaliða því samfara ásamt áætluðu framlagi vegna sameiningar sveitarfélaga sem var lækkað úr 300 m.kr. í 250 m.kr.

Að endurskoðun lokinni er nú óráðstafað 138 m.kr. af áætluðum tekjum sjóðsins á árinu 2015 í stað 118 m.kr. áður.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2015 yrði samþykkt.

FRAMLAG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um úthlutun framlaga vegna sameiningar sveitarfélaga á árinu 2015. Á yfirliti, sem lagt var fram á fundinum, kemur fram að einungis sé um að ræða greiðslur framlaga vegna tveggja sameininga, samtals að fjárhæð 168,0 m.kr., sem sundurliðast þannig:

- Húnaþing vestra. Um er að ræða greiðslu framlags vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu sem nemur 10% af áætluðu heildarframlagi að fjárhæð 30,0 m.kr. eða samtals 3,0 m.kr.
- Garðabær. Um er að ræða 1/3 hluta af sérstöku framlagi vegna skuldajöfnunar eða 50,0 m.kr. Áætlun um greiðslu sérstaks framlags vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar nemur 100,0 m.kr. Framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu nemur 15,0 m.kr. Samtals 165,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætlun um úthlutun framlaga vegna sameiningar sveitarfélaga á árinu 2015 næmi samtals allt að 250,0 m.kr. Með tilvísun til þess sem hér er framan greinir nemur óráðstafað framlag því 82,0 m.kr. vegna mögulegra ákvarðana sveitarfélaga á árinu 2015 um kannanir á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga og atkvæðagreiðslu.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Hafnarfjarðarkaupstaður

Lagt var fram til umfjöllunar á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 8. október 2014. Í erindinu kemur fram að skuldastaða og rekstur sveitarfélagsins hafi verið þung undanfarin ár þó nokkur árangur hafi náðst. Með tilvísun til þessa er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 5.742.000 kr. vegna fyrirhugaðrar úttekta á rekstri sveitarfélagsins. Leitað hefur verið til fyrirtækisins R3-ráðgjöf vegna verksins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar verði vísað til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til umsagnar.

FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA 2015

Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2015. Sveitarfélögin áætla að heildargreiðslur þeirra á almennum húsaleigubótum á árinu nemi um 4.982,2 m.kr. Um er að ræða 411 m.kr. hækkun á greiðslum bótanna á milli ára. Áætlað er að bótaþegum fjölgi um 1.000 á árinu og nemi um 17.400.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli

Að teknu tilliti til áætlana sveitarfélaga um heildargreiðslur á almennum húsaleigubótum á árinu 2015 að fjárhæð 4.982,2 m.kr. og áætlunar um ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á árinu, sem nemur samtals 3.157,7 m.kr., samþykkti nefndin að leggja til að áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum nemi 63,4% á árinu 2015.

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRA HÚSALEIGUBÓTA 2015

Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2015. Sveitarfélögin áætla að heildargreiðslur þeirra á sérstökum húsaleigubótum á árinu nemi um 1.438,5 m.kr. Um er að ræða 121 m.kr. hækkun á greiðslum bótanna á milli ára. Áætlað er að bótaþegum fjölgi um 700 á árinu og nemi um 5.600.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í greiðslum sérstakra húsaleigubóta 60%. Ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á árinu á grundvelli samkomulagsins nemur samtals um 863,1 m.kr. og nær sú fjárhæð að brúa 60% hlutdeild ríkissjóðs í þeim kostnaði sem hlýst af samkomulaginu.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA **Sóknaráætlanir landshluta – Úthlutun framlaga**

Á grundvelli samþykktar tillögu ráðgjafarnefndar frá 27. október 2011 eru 25,0 m.kr. til ráðstöfunar á árunum 2012, 2013 og 2014 í samstarfsverkefni landshlutasamtakanna er tengjast sóknaráætlunum landshluta.

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. júlí sl. var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu úthlutun framlaga vegna samstarfsverkefna á árinu 2014. Nefndin samþykkti að leggja til að um sömu úthlutunarreglur verði að ræða á árinu og áður. Á grundvelli stærðar svæðisins koma því 6,0 m.kr. til úthlutunar, á grundvelli vegalengda til Reykjavíkur 7,0 m.kr. og á grundvelli verkefnavinnu 12,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti jafnframt á fundinum 16. júlí sl. að leggja til að óskað verði eftir stuttri greinargerð frá landshlutasamtökunum um þau samstarfsverkefni sem samtökin ynnu að á árinu í tengslum við sóknaráætlanir landshluta. Borist höfðu 7 greinargerðir af 8 og voru þær lagðar fram til kynningar á fundinum.

Á fundinum samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framlagið verði greitt með tveimur greiðslum. Fyrri greiðslan, að fjárhæð samtals 13,0 m.kr., er tæki mið af stærð svæðis og vegalengdum til Reykjavíkur færi fram á næstu dögum. Seinni greiðslan, að fjárhæð 12,0 m.kr., er tæki mið af verkefnavinnu færi fram í desember.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG **Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2015, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 5.825,0 m. kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 5.250,0 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575,0 m.kr. samkvæmt B-hluta 13. gr. reglugerðarinnar.

Á grundvelli B-hluta 13. gr. reglugerðarinnar koma 175 m.kr. til úthlutunar í lok árs á grundvelli umsókna, sbr. b-lið, 3. gr. vinnureglna, dags. 11. desember 2010, vegna íþyngjandi kostnaðar við akstur úr dreifbýli á árinu umfram tekjur.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2014.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2014.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2014.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2014.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. des. 2011 og 2012, 1. jan. 2013 og 1. júlí 2014 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá 8. októberber 2014 við útreikning áætlaðra tekjajöfnunarframlaga árið 2014 vegna tekjuskerðingar. Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra eru talin vera sem hér segir:
 - a. Reykjavík
 - b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
 - c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa.

Með hliðsjón af því hve fá sveitarfélög uppfylla skilyrði til framlags vegna fækkunar íbúa, þegar miðað er við íbúatölur 1. júlí 2014, er lagt til að útreiknuð framlög til Sveitarfélagsins Garðs og Dalvíkurbyggðar verði færð niður um samtals 50,0 m.kr. Þegar fyrir liggja íbúatölur 1. janúar 2015 verður framlagið endurreiknað. Þá eru líkur á að fleiri sveitarfélög uppfylli skilyrði til framlags vegna

Íbúafækkunar. Þar sem ákveðinn hluti ráðstöfunarfjármagnsins til greiðslu útgjaldajöfnunarframlaga skal renna til framlaga vegna íbúafækkunar á grundvelli ákvæða í 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010 er hér um varúðarráðstöfun að ræða til að draga úr hugsanlegri ofáætlun framlaga til Sveitarfélagsins Garðs og Dalvíkurbyggðar

Í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga nemi 6.050,0 m.kr. sem sundurliðast þannig: Framlög á grundvelli A-hluta framlaganna samtals 5.300,0 m.kr. (5.250,0 m.kr. að viðbættum 50,0 m.kr. sem haldið er eftir vegna íbúafækkunar). Framlög á grundvelli B-hluta framlaganna vegna skólaaksturs úr dreifbýli 575,0 m.kr. að viðbættum 175,0 m.kr. sem úthlutað verður á grundvelli umsókna eða samtals 750,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi á árinu 2015 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hvert fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

EFLING TÓNLISTARFRÆÐSLU 2014-2015

Endurskoðuð áætlun að úthlutun framlaga, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð tillaga að áætluðum framlögum til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 skólaárið 2014-2015. Sá fyrirvari er hafður á tillögunni að framlenging samkomulagsins, um eflingu tónlistarfræðslu og jöfnun á aðstöðumun nemenda, út skólaárið muni ganga eftir.

Endurskoðuð tillaga að áætlun framlaga til sveitarfélaga skólaárið 2014 – 2015 á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi nemur 505,0 m.kr. Tillagan tekur mið af uppfærðri nemendaskrá og fjölda kennslueininga frá ágúst 2014. Gert er ráð fyrir að leiðrétting framlaga og uppgjör vegna skólaársins fari fram við greiðslu framlaga fyrir ágúst 2015.

Áætlun um úthlutun framlaga, skv. 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013

Úrvinnsla umsókna á grundvelli 7. gr. reglugerðar, nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda var einnig lögð fram á fundinum til umfjöllunar. Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur aflögu til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. a.-lið 4. og 6. gr. reglugerðarinnar. Heildarfjárhæð til úthlutunar skv. 2. mgr. 1. gr., sbr. a.-lið 4. gr. reglugerðarinnar eru 505,0 m.kr. vegna 957 nemenda sem gerir að meðaltali 511.651 kr. á nemanda og 50% af þeirri fjárhæð eru 255.826 kr. sem er hámarks fjárhæð á nemanda samkvæmt b.-lið 4. gr., sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætlanir um framlög skv. 2. mgr. 1. gr. og 7. gr. reglugerðar nr. 23/2013 fyrir skólaárið 2014-2015 verði samþykktar.

Við tillögugerð framlaga til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi hver fyrir sig þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun 2015 vegna verkefna er tengjast yfirlæslu grunnskólans.

Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirlæslu grunnskólans nema samtals 8.740,0 m.kr.

Áætluð framlög vegna yfirfærslu grunnskólans eru sem hér segir:

- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 1.962,0 m.kr.
- Framlög vegna sérfræðiaðstoðar og ráðgjafarþjónustu 4,8 m.kr.
- Framlög vegna nýbúafræðslu 230,8 m.kr.
- Framlög vegna Barnaverndarstofu og skólabúða að Reykjum 45,0 m.kr.
- Önnur framlög 45,7 m.kr.
- Framlag vegna Sambands íslenskra sveitarfélaga (1,7%) 148,6 m.kr.
- Óviss útgjöld nema 39,9 m.kr.
- Almenn jöfnunarframlög 6.263,2 m.kr.

Áætluð gjöld nema samtals 8.740,0 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu grunnskólans fyrir árið 2015 verði samþykkt.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlag 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra almennra jöfnunarframlaga á árinu 2015, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 6.197,0 kr. á árinu 2015. Við bætast leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2013 að fjárhæð 66.236.200 kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 6.263,2 m.kr. á árinu 2015 eins og að framan greinir.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning á áætluðu framlagi vegna ársins 2015:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2014.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2014.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna 2013 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2014.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga á árinu 2015 samtals að fjárhæð 6.263,2 m.kr.

Við tillögugerð að áætluðu almennu jöfnunarframlagi á árinu 2015 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLAG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir vegna 822 fatlaðra nemenda fjárhagsárið 2015. Þar af falla 574 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 129 nemendur falla ekki undir viðmið sjóðsins og umsóknir vegna 119 nemenda fara í bið.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2015, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætluð framlög til sveitarfélaga, annarra en Reykjavíkurborgar, nema 892,6 m.kr. Áætlað framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings um rekstur sérskóla og sérdeilda nemur 1.069,4 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2015 samtals að fjárhæð 1.962,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætluðu framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2015 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

FRAMLÖG VEGNA ÍSLENSKUKENNSLU NÝBÚA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015

Jöfnunarsjóði hafa borist umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu vegna 1.712 nýrra Íslendinga sem njóta sérstakrar íslenskukennslu skólaárið 2014-2015. Þar af er áætlað að 1.675 nemendur komi til með að falla undir viðmið sjóðsins. Forsendur fyrir greiðslum sjóðsins eru að þá nemendur sem njóta sérstakrar íslenskukennslu sé að finna í Þjóðskrá og eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið.

Nefndin samþykkti að taka til greina umsóknir vegna þriggja nemenda sem komnir eru af grunnskólaaldri en greinargerðir fylgja umsóknum vegna þeirra þar sem fram koma ástæður þess að skólagöngu þeirra hafi seinkað.

Undanfarin ár hefur viðbótarframlagið, sem greitt er vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga, numið 120.000 kr. á ársgrundvelli á hvern nemenda. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að sú fjárhæð verði hækkuð í 130.000 kr. vegna ársins 2015.

Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun áætlaðra framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2015, skv. 5. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga á árinu 2015 samtals að fjárhæð 201,0 m.kr.

Við tillögugerð að áætluðu framlagi vegna nýbúafræðslu á árinu 2015 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

FRAMLÖG VEGNA NOTENDASTÝRÐRAR PERSÓNULEGRAR AÐSTOÐAR

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2014

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir umsóknir um framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar á árinu 2014. Borist hafa umsóknir frá 10 sveitarfélögum/þjónustusvæðum vegna gerðra NPA samninga árið 2014. Fjöldi samninga er 51 og nemur heildarfjárhæð þeirra 578,0 m.kr. Kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemur 20% af fjárhæð hvers samnings sem fellur undir NPA.

Með tilvísun til þessa nema heildarframlög úr Jöfnunarsjóði á árinu 2014 vegna NPA 115,5 m.kr. Að höfðu samráði við verkefnisstjórn um NPA samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að sú fjárhæð kæmi til úthlutunar á grundvelli 6. gr. reglugerðar, nr. 242/2014, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2015

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2015.

Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,99 % hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nema samtals 11.236,0 m.kr. Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs

sveitarfélaga nema 470,0 m.kr. og óhafin framlög frá fyrra ári 90,0 m.kr. Áætlað ráðstöfunarfjármagn vegna verkefnisins nemur því samtals 11.796,0 m.kr. á árinu 2015.

Áætluð gjöld vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks á árinu 2015 nema sömu fjárhæð eða samtals 1.796,0 m.kr. sem sundurliðast þannig:

- Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar 90,0 m.kr.
- Framlög vegna lengdrar viðveru 89,0 m.kr.
- Framlög vegna helgar- og sumardvalar fatlaðra 35,0 m.kr.
- Framlag vegna breytingakostnaðar 15,7 m.kr.
- Framlag í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 433,0 m.kr.
- Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 10.940,0 m.kr.
- Ýmiss kostnaður er tengist yfirfærslunni 75,0 m.kr.
- Óviss útgjöld er nema 118,3 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks fyrir árið 2015 verði samþykkt.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Fyrsta tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015. Samkvæmt áætluninni um úthlutun er gert ráð fyrir ráðstöfunarfjármagni að fjárhæð 10.770,0 m.kr. Þar af nemur leiðrétting vegna endanlegra framlaga á árinu 2013 70 m.kr.

Framlagið skiptist með eftirfarandi hætti:

- A. 80% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöður mælinga á útgjaldaþörf.
- B. 20% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga 2014.

Við útreikning framlaganna er tekið mið af áætluðum endanlegum útsvarstofni ársins 2013 og launabreytingum fyrstu 9 mánuði ársins 2014. Við áætlunina er bætt við leiðréttingu á framlagi ársins 2013 sem byggir á að tillit sé tekið til áætlaðra endanlegra útsvarstekna sveitarfélaga á árinu 2013, sbr. hér að ofan.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða heildarúthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 að fjárhæð samtals 10.770,0 m.kr.

Framlöggin verða tekin til endurskoðunar í byrjun árs 2015 á grundvelli niðurstöðu endurmats þeirra er metnir voru SIS mati á árunum 2010 og 2011, nýrra upplýsinga um þróun útsvarstekna sveitarfélaga og upplýsinga um breytt lögheimili einstaklinga í þjónustu 1. janúar 2015.

SIS MAT FYRIR BÖRN

Staða mála og fjármögnun verkefnisins

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlaðan kostnað og áætlun um framkvæmd mats á stuðningsþörf barna (SIS) frá janúar til júní 2015, samtals 670 börn. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 20,5 m. kr.

Markmið verkefnisins er að staðalbinda barnaútgáfu *Mats á stuðningsþörf* svo unnt sé að nota það hérlandis. Í því skyni verður matið lagt fyrir þau fötluðu börn á aldrinum 6-16 ára sem Jöfnunarsjóður leggur til grundvallar við útreikning framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri, samtals um 650 börn. Jafnframt mun matið verða lagt fyrir þau fötluðu börn sem njóta umfangsmikillar þjónustu og falla undir almenn framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk.

NÝ BÚSETUÚRRÆÐI VEGNA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Þau sjónarmið hafa komið fram meðal forráðamanna sveitarfélaga á fámennum þjónustusvæðum, þar sem engin búsetuþjónusta er til staðar, að mjög kostnaðarsamt sé að byggja upp slík úrræði fyrir fatlaða einstaklinga. Í kjölfarið hafa komið fram hugmyndir um hvort Jöfnunarsjóður geti ívilnað þeim svæðum sem þurfa að koma slíkri þjónustu á laggirnar á næstu árum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að málið verði skoðað betur og tekið til umfjöllunar á ný á næsta fundi nefndarinnar enda lægi þá fyrir tillaga um hugsanlegar lausnir.

ÖNNUR MÁL

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Fram kom að í ráðuneytinu stæði nú yfir vinna við breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum er snerta eftirfarandi þætti:

- Fjölgun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í ráðgjafarnefnd sjóðsins úr fjórum í sex vegna aukinna hagsmuna Reykjavíkurborgar og höfuðborgarsvæðisins hvað varðar úthlutanir framlaga úr sjóðnum.
- Greiðsla á sérstöku framlagi úr Jöfnunarsjóði til að koma til móts við sveitarfélög á árunum 2014, 2015, 2016 og 2017 vegna tekjutaps þeirra í tengslum við ákvæði laga, nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar. Gert er ráð fyrir að sú lagasetning muni fela í sér lækkun á útsvarstekjum sveitarfélaga vegna meiri sparnaðar í formi séreignar og skattfrelsis iðgjalda.

Samþykkt var að stefnt yrði að fundi ráðgjafarnefndar 27. eða 28. nóvember nk.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:00.

Halldór V. Kristjánsson.